

FUNDARGERÐ FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

178. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 11. janúar kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Þorsteinn Guðmundsson, varamaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson, varamaður.

Embættismenn:

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Fundarritari:

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir.

Dagskrá:

Dagskrá:

- Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri kemur á fundinn og ræðir:
 - Þróunarverkefni, málörvun og læsifærni til framtíðar.
 - nemendur,
 - ráðning starfsmanna,
 - samningur við Fjölsmiðjuna í Garðabæ.
 - meistaránemi
- Önnur mál
 - Kynning á viðhorfskönnun sem senda á til grunnskóla sem hafa nýtt sér Skólabúðir að Reykjum.

Afgreiðslur:

- Guðrún Lára mætti á fundinn og sagði frá þróunarverkefni, málörvun og læsifærni til framtíðar. Þann 18. janúar kemur Ásthildur Bj. Snorraddóttir og ræðir um málörvun, boðskipti og læsi fyrir foreldra og tilvonandi foreldra leikskólabarna. Verkefnið á að skila af sér handbók og er verið að vinna að henni og er áætlað að hún komi út í vor. Mikill fjölgun hefur verið í leikskólanum og verður áframhaldandi fjölgun fram á vor. Með þessu þarf að skipuleggja aðstöðuna innanhús tímabundið. Bæta þarf tímabundið við starfsmanni vegna fjölgunar. Leikskólinn Ásgarður gerði samning við Fjölsmiðjuna í Garðabæ í desember að taka inn ungmenni til starfa og hefur það gengið ágætlega. Samningurinn var til eins mánaðar og verður skoðað hvort þessu samstafi verði haldið áfram. Björk Sigurðardóttir meistaránemi í menningarstjórnun með áherslu á menntastjórnun við háskólann á Bifröst. hefur óskað eftir að leikskólinn Ásgarður taki þátt í rannsókn þar sem hún spyr; Hvað er það í starfsháttum skólastjóra sem gerir það að verkum að breytingaferli ná að festast í sessi? Guðrún Lára sagði frá því þrjú kennarar sem starfa við skólann ætli að taka þátt.
- Önnur mál.

Jenný kynnti fyrir nefndarmönnum viðhorfskönnun sem senda á til kennara í þeim grunnskólum sem hafa farið með bekk í Skólabúðimar að Reykjum í Hrutafirði. Svipaða könnun á að leggja fyrir foreldra barna í tónlistarskólanum í Húnaþingi vestra.

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.50

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir